

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/763
komudagur 31.1.2007

Sæll Guðlaugur Þór

Þar sem þú ert formaður umhverfisnefndar Alþingis hef ég samband vegna lagafrumvarps um Vatnajökulsþjóðgarð. Sjálfur er ég formaður Jökklarannsóknafélags Íslands en félagið vinnur með margvíslegum útivistarfélögum í SAMÚT, Samtökum Útivistarféлага. Með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er stigið nýtt skref í umhverfisvernd á Íslandi og því ber að fagna. Hinsvegar hafa fulltrúar ferðamanna töluverðar áhyggjur af því að þeim sé hvergi tryggð aðkoma að gerð reglna um þjóðgarðinn.

Í frumvarpinu er talað um stjórn og svæðisráð. Fram kemur að umhverfisverndarsamtök skuli eiga fulltrúa í öllum þessum einingum. Þegar kemur að svæðisráðunum er að auki talað um fulltrúa frá landshlutabundnum ferðamálasamtökum. Jafnframt er um það talað að Vatnajökli verði skipt niður á þessi fjögur svæðisráð. Þetta er umhugsunarvert því ekki verður séð að neinir fulltrúar þeirra sem mest fara um Vatnajökul og hafa komið þar upp aðstöðu (jeppamenn/jökklarannsóknafólk – sem hafa starfsemi sem ekki grundvallast á landshlutabundnum samtökum) muni hafa neina aðkomu eða rödd í þessum ráðum. Ennfremur er ekki ljóst hvort samtök ferðamanna hafi kærurétt vegna ákvarðana samkv. 19. grein.

Með stofnun þessa nýja þjóðgarðs verður stigið stórt skref í náttúruvernd á Íslandi. Jafnframt yrði í fyrsta skipti lagt undir stórt svæði sem hefur verið vettvangur ferðafólks um áratugi. Þar hafa þróast ákveðnar óskráðar reglur. Lykilorðið í ferðamennsku um þessi svæði hefur verið frelsi, frelsi til að fara um víðátturnar. Stór hópur ber mjög sterkar tilfinningar til þessa öræfa. Nú þarf að standa þannig að málum að þessi hópur vinni með yfirvöldum í að gera þjóðgarðinn raunverulegan en ekki bara línur á landakorti.

Sjálfur tók ég óbeinan þátt í undirbúningi Vatnajökulsþjóðgarðs með því að taka saman greinargerð um jarðfræðilega sérstöðu svæðisins á heimsvísu. Sú greinargerð er í skýrslu nefndar um þjóðgarðinn. Ég er mjög hlyntur stofnun þessa þjóðgarðs og vil fyrir alla muni að almenn ánægja verði um þetta verkefni. En til að sátt náist um málið er mikilvægt að fulltrúar ferðafólks fái að koma á fund nefndarinnar og kynna sín viðhorf og hvaða breytingar ætti að gera á frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

Magnús Tumi Guðmundsson